

# Öryggi barna í bílum 2013

## Niðurstöður

Kjartan Þórðarson  
Samgöngustofu  
Nóvember 2013




### Inngangur

Samgöngustofa og Landsbjörg lögðu fyrir könnun á öryggi barna í bílum á þessu ári. Könnunin var gerð við 49 leikskóla í 21 bæjarfélagi víða um land með 1.976 þátttakendum. Ákveðið hefur verið að könnunin verði gerð annað hvert ár frá og með 2011. Á fyrstu árum þessara kannana voru niðurstöður vægast sagt óásættanlegar. Þessi könnun hefur verið gerð óslitið síðast liðin 17 ár en hún sýnir að ástandið hefur batnað. Við lítum þó svo á að það sé aldrei ásættanlegt að einhverjir noti ekki einfaldan og ódýran öryggisbúnað sem getur skilið á milli lífs og dauða. Félagar í deildum Landsbjörgu víða um land og starfsfólk Samgöngustofu sáu um framkvæmdina á vettvangi.

### 1. Bylting í öryggi barna í bílum frá 1985

Ef teknar eru upplýsingar úr umferðarkönnunum Umferðarráðs og lögreglunnar frá árunum 1985 til 1995 og þeim bætt við niðurstöður kannana á öryggi barna í bílum við leikskóla má sjá þróunina frá 1985 til dagsins í dag. Árið 1985 voru um 80% barna alveg laus í bílum en í dag er sú tala komin niður í 2%. 1981 var öikumanni og farþega í framsætum skylt að nota belti og 1988 voru þeir sektaðir fyrir að vera ekki í beltum. 1990 náði skyldan yfir öll sæti bifreiðarinnar en það árið var lögleidd skyldunotkun sérstaks öryggis- og verndarbúnaður fyrir börn í bílum. Lágur tölur um laus börn í bílum frá árunum 1990 – 1995 má skýra með framkvæmd umferðarkannana en öikumenn gátu komið börnum í belti eða einhvern búnað áður en lögreglan framkvæmdi könnun. Fram til 1999 var ekki skráð sérsaklega þegar börn voru eingöngu í öryggisbeltum. Á myndinni táknar rautt laus börn í bíl, gult börn sem nota aðeins bílbelti og grænt börn með viðeigandi öryggisbúnað.




## 2. Almennar niðurstöður

Myndin sýnir að tilfellum þar sem enginn búnaður er notaður hefur fækkað mikið, nánar tiltekið úr 32% árið 1997 í 2% í ár. Færri eru nú í ófullnægjandi búnaði þ.e. í engum eða aðeins með öryggisbeltin. 8,7% 2011 en 8,1% í ár. Því reyndust nú 91,9% barna vera í viðeigandi öryggisbúnaði í bíl á leið til leikskóla. Myndin sýnir hlutföll barna sem notuðu engan eða einhvern öryggisbúnað við komu í leikskóla frá 1996 til 2013.

Grænt: Notuðu viðeigandi öryggisbúnað.


Gult: Notuðu eingöngu bílbelti, sem er ekki fullnægjandi öryggisbúnaður fyrir aldurshópinn.

Rautt: Laus í bifreið án öryggisbúnaðar.



### 3. Leikskólar

Alls voru 12 leikskólar þar sem öll börn voru í viðeigandi búnaði. Við röðun á einstökum leikskólum kemur þetta í ljós:



Börn notuðu réttan öryggisbúnað, bílstól eða bílpúða

Börn notuðu eingöngu bílbelti, en það er ekki fullnægjandi búnaður fyrir aldurshópinn.


Börn voru laus í bifreið, án öryggisbúnaðar

\* Staðir þar sem könnun náði til færri en 20 tilfella

#### 4. Staðir á landinu

Þeir staðir sem eru til fyrirmyndar þetta árið eru Höfn í Hornafirði, Seyðisfjörður\* Vopnafjörður, Ísafjörður og Dalvík, allt staðir af landsbyggðinni.

Á botninum hvíla Garður, Fáskrúðsfjörður og Grindavík en það sveitafélag var einnig á botninum í síðustu könnun 2011.



Börn notuðu réttan öryggisbúnað, bílstól eða bílpúða

Börn notuðu eingöngu bílbelti, en það er ekki fullnægjandi búnaður fyrir aldurshópinn.

Börn voru laus í bílreið, án öryggisbúnaðar

\* Staðir þar sem könnun náði til færri en 20 tilfella

**Hlutfall barna í viðeigandi öryggis- og verndarbúnaði.**

Hvernig er búið að öryggi barna í bílum í sveitarfélögum landsins? Þau bestu eru til vinstri en þau verstu til hægri. Hér er unnt að sjá hvernig sveitarfélögin eru að standa sig milli ára 2011 og 2013. Mörg eru á góðri uppleið, önnur verma botninn. Þau bæjarfélög sem voru í könnun bæði árin eru í samanburðartöflu að neðan.

**2011**

Yfir 95%	90%	85%	80%	Undir 80%
Akureyri	Akranes	Bíldudalur*	Dalvík	Grindavík
Fáskrúðsfjörður	Garðabær	Borgarnes	Höfn í Hornafirði	Ólafsfjörður
Hvolsvöllur	Hafnarfjörður	Eskifjörður	Ísafjörður	Reyðarfjörður
Mývatn*	Kópavogur	Grundarfjörður	Keflavík	
Seltjarnarnes	Mosfellsbær	Njarðvík	Patreksfjörður	
Vopnafjörður	Reykjavík	Selfoss	Sauðárkrókur	
	Seyðisfjörður*			

**2013**


Yfir 95%	90%	85%	80%	Undir 80%
Ísafjörður	Garðabær	Vestmannaeyjar	Siglufjörður	Fáskrúðsfjörður
Vopnafjörður	Reykjavík	Sauðárkrókur	Ólafsfjörður*	Grindavík
Seyðisfjörður*	Seltjarnarnes	Akranes	Garður	
Dalvík	Keflavík	Bolungavík*		
Höfn í Hornafirði	Bessastaðahreppur			
Kópavogur				
Reyðarfjörður				

Breytingar hjá bæjarfélögum sem voru í könnun bæði árin 2011 og 2013



2011	2013	+/-
Fáskrúðsfjörður	Fáskrúðsfjörður	-
Seltjarnarnes	Seltjarnarnes	-
Vopnafjörður	Vopnafjörður	
Akranes	Akranes	-
Garðabær	Garðabær	
Kópavogur	Kópavogur	+
Reykjavík	Reykjavík	
Seyðisfjörður*	Seyðisfjörður*	+
Dalvík	Dalvík	+
Höfn í Hornafirði	Höfn í Hornafirði	+
Ísafjörður	Ísafjörður	+
Keflavík	Keflavík	+
Grindavík	Grindavík	
Ólafsfjörður	Ólafsfjörður	+
Reyðarfjörður	Reyðarfjörður	+

## 5. Samanburður milli landshluta

Foreldrar á Höfuðborgarsvæði stóðu sig best 2011 í notkun öryggis- og verndarbúnaðar fyrir börn sín en nú er það Austurland sem er í fyrsta sæti en Suðurlandið á botninum eins og 2011.




### Nánar um Austurland og Suðurland




## 6. Hverfi í Reykjavík

Hér má sjá hvernig staðan var við leikskóla í Reykjavík skipt eftir hverfum. Staðan er verst á Kjalarnesi en hafa ber í huga að aðeins 14 börn voru í könnun.





## 7. Þróun í öryggis- og verndarbúnaði barna

Bílpúðar með bakstuðningi verða sí algengari og verða um leið fullkomnari og líkjast þá mjög bílstólum. Segja má að þessar gerðir öryggis- og verndarbúnaðar eru að renna saman, sérstakar festingar eru fyrir barnið meðan öryggisbelti bílsins er notað til að festa búnaðinn. Bílpúðar notaðir einir sér eru á undanhaldi.



## 8. Aldur og öryggisbúnaður

Um 98% ungra barna 1-2ja ára eru í bílstólum eða bílpúða með baki en engin börn í þessum aldurshópi voru eingöngu á bílpúða eða í beltí en sá búnaður er ekki viðeigandi fyrir svo ung börn heldur eldri börnin en 28% 5-6 ára barna eru í þeim búnaði.



## 9. Kynin og öryggisbúnaður barna

Algengara er að strákar séu ekki í fullnægjandi öryggisbúnaði en stúlkur. 8,4% stráka voru án búnaðar eða eingöngu með bílbelti á móti 7,4% stúlkna. Útkoman er nú betri en í 2011.

2013	Bílstóll - púði	Bílbelti	Enginn búnaður
Drengur	91,6%	5,7%	2,7%
Stúlka	92,6%	5,5%	1,9%




Um 54% ökumanna voru konur sem er hærra hlutfall en fjöldi þeirra í umferðinni almennt sem er um þriðjungur ökumanna. Ökumenn eru misjafnlega samviskusamir við að setja börnin í viðurkenndan búnað. Karlar virðast vera kærulausari en konur hvað þetta varðar eins og myndin sýnir. Hjá þeim eru 10,6% barna í ófullnægjandi búnaði (2011 voru það 11,4% en 14,5% og 16,7% árin þar á undan). Hjá konum er sambærilegt hlutfall nú 6,1% (2011 voru það 6,4% en 8,1% og 13,0% árin þar á undan). Þannig hefur dregið saman á milli kynja og staðan batnað mikið á þessum fimm árum.

2013	Bílstóll - púði	Bílbelti	Enginn búnaður
Karlar	89,4%	7,5%	3,1%
Konur	93,9%	4,4%	1,7%


## 10. Öryggisbeltanotkun ökumanna batnar

Notkun ökumanna á öryggisbeltum við komu að leikskólum var einnig könnuð og að þessu sinni voru 12,3% ökumanna án belta en 12,7% árið 2011. Þegar litið er á kynjamismun þá er 14,6% karla og 10,4% kvenna án öryggisbelta í ár. Þegar teknar eru saman tölur um öryggisbeltanotkun ökumanna undangengin ár kemur í ljós að notkunin hefur aukist hjá báðum kynjum. Myndin sýnir hversu stór hluti ökumanna var án öryggisbelta þegar komið var að leikskóla skipt eftir kyni ökumanna. Þróunin er í rétta átt – dregur saman með kynjum og betri beltanotkun.



Beltanotkun ökumanna er mismunandi eftir sveitarfélögum. Í Vestmannaeyjum virðast allir ökumenn í bílbeltum. Keflavík og Reyðarfjörður koma þar á eftir. Fáir ökumenn (undir 20) eru að baki tölum í sveitarfélögum sem eru stjórnumerkt. Sveitarfélög sem skera sig úr með lökustu notkun bílbelta eru Ólafsfjörður\*, Siglufjörður, Bolungavík\*, Garður og Seyðisfjörður\* en sá síðast taldi var einnig á botninum 2011.

Notkun ökumanna á öryggisbeltum eftir stöðum á landinu



**Ökumenn í bílbelti**


**Ökumenn án bílbelta**

\* Staðir þar sem könnun náði til færri en 20 tilfella

## 11. Beltanotkun ökumanna og búnaður barna þeirra


Fram kom að beltanotkun ökumanns hafði áhrif á það hvort barnið var í viðeigandi verndarbúnaði. Börn þeirra ökumanna sem notuðu ekki bílbelti voru laus í um 8,6% tilfella (9,7% árið 2011 og 14,2% árið þar á undan). Laus börn voru í 1,3% tilfella hjá þeim ökumönnum sem voru í bílbelti sem er svipað hlutfall og 2011. Þetta er þróun í rétta átt og dæmi um breytingu á öryggisviðhorfum þeirra fullorðnu.

Myndin sýnir öryggis- og verndarbúnað barna eftir því hvort ökumaðurinn hafði beltið spennt eða ekki við komu í leikskólann.



## 12. Bakvísandi barnabílstólar

Æskilegt er að bílstólar ungra barna sérstaklega undir þriggja ára séu bakvísandi þ.a. bak snýr í akstursstefnu. Ætla má að aukin notkun á bílpúðum með baki dragi úr notkun á bakvísandi stólum fyrir börn. 15% yngstu barnana (undir þriggja ára) voru í bakvísandi bílstól sem er betri staða en 2011 sem var 11,7%. 27% eins árs barna voru í bakvísandi bílstól 2011 en 37% þeirra nú. Áróður um bakvísandi stöðu bílstóla virðist því vera að skila sér hjá þeim yngstu.



### 13. Öryggispúðar við framsæti (airbag)

Börn sem eru lægri en 150 cm mega ekki sitja í framsæti framan við öryggispúða enda eru aftursætin öruggasti staðurinn í bílnum fyrir börnin. Í könnuninni kom í ljós að 37 börn (1,8%) sátu í framsæti en virkur öryggispúði var framan við 11 þeirra (30%). Þetta eru lægri tölur en frá könnuninni 2011. Þá voru 62 börn (2,5%) sem sátu í framsæti og virkur öryggispúði framan við 23 þeirra (37%). Það má hafa í huga að í þessari könnun var úrtakið minna en 2011 þannig að vert er að bera saman hlutfallstölurnar í svigum frekar en rauntölur.



### 14. Lokaorð

Tekið skal fram að í 71. gr. umferðarlaga segir m.a., *Ökumaður skal sjá um að í stað öryggisbeltis eða ásamt öryggisbelti noti barn viðurkenndan barnabílstól, beltispúða eða annan sérstakan öryggis- og verndarbúnað ætlaðan börnum lægri en 150 sm á hæð.*”

Ennfremur segir í 71. gr. „*Ökumaður skal sjá um að farþegi yngri en 15 ára noti öryggis- og verndarbúnað*”.

Ökumaðurinn ber þannig fulla ábyrgð á að barnið noti verndarbúnað. Þá er gert ráð fyrir að heimilt sé að nota eingöngu öryggisbelti ef annar búnaður er ekki til staðar. Líta má á þetta sem neyðarúrræði. Slíkt á þó ekki við börn undir þriggja ára aldri því seinna í lagagreininni segir: *“Barn yngra en þriggja ára má ekki vera farþegi í fólks-, sendi- eða vörubifreið nema hún sé með viðeigandi öryggis- og verndarbúnaði ætluðum börnum.”* Yngstu börnin mega því ekki vera farþegar í bifreiðum öðrum en hópibifreiðum án viðeigandi öryggis- og verndarbúnaðar. Þetta þýðir að notkun á öryggisbeltum einum og sér er ekki löglegur búnaður fyrir börn undir þriggja ára í öðrum bifreiðum en hópibifreiðum.

**Ökumaður sem sinnir ekki skyldum sínum um verndun barna í bíl sem hann ekur má búast við að verða sektaður um 15 þúsund krónur og að fá einn refsipunkt í ökuferilsskrá fyrir hvert barn sem er laust eða án viðeigandi öryggisbúnaðar í bílnum.**